



Reglugerð HSÍ um handknattleiksmót

I. Kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Handknattleiksmót

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum HSÍ og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Farið skal eftir leikreglum IHF, sem þyddar eru og birtar á heimasíðu HSÍ, en HSÍ er skv. þeim leikreglum heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum leikreglnanna og þá skulu reglugerðir og lög HSÍ gilda.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní ár hvert.

Stjórn HSÍ getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mótt og framkvæmd leikja.

2. gr. Aldursflokkaskipting

Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokkka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur:	Karlar:	Konur:
Meistaraflokkur	21 árs og eldri	19 ára og eldri
2. flokkur	19 og 20 ára	
3. flokkur	16, 17 og 18 ára	16, 17 og 18 ára
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	8 og 9 ára	8 og 9 ára
8. flokkur	7 ára og yngri	7 ára og yngri

Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika.

3. gr. Hlutgengi



Hlutgengir til þátttöku í handknattleiksmótum eru leikmenn sem hafa leikheimild skv. reglugerð HSÍ um félagaskipti og samninga.

HSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfelli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök HSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutgengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

4. gr. Framkoma og ábyrgð

Allir keppnisflokkar skulu hafa þjálfara og/eða liðsstjóra í leikjum á vegum HSÍ.

Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu fara eftir siðareglum HSÍ.

Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

5. gr. Verðlaun

Stjórn HSÍ veitir verðlaunagripi í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni og deildarbikarkeppni. Stjórn HSÍ getur sett ítarlegri reglur um einstaka verðlaunagripi.

II. Kafli. KEPPNISREGLUR

6. gr. Takmörkun á hlutgengi

Enginn má leika með yngri aldursflokk en honum ber.

Félagi er þó heimilt að sækja um sérstaka undanþágu fyrir leikmann 17 ára og yngri að spila með yngri aldursflokk. Slíkt leyfi er þó aðeins veitt í undantekningartilfellum og þarf félag að hafa til þess ríkar ástæður. Slík umsögn skal rökstudd til mótanefndar. Mótanefnd áskilur sér rétt til að afturkalla undanþágur og heimildir skv. reglugerð þessarar verði félag uppvist um misnotkun á þeim.

Félagi er heimilt að sækja um undanþágu fyrir leikmenn sem eru á yngsta ári aldursflokkum um að leika með aldursfloknum fyrir neðan, sé viðkomandi aldursflokkur ekki starfræktur hjá féluginu og viðkomandi leikmenn leika ekki með eldri aldursflokk. Þetta á bæði við milli flokka og innan flokka sem eru aldursskiptir. Hægt er að sækja um undanþágu fyrir að hámarki 5 leikmenn en þó mega eingöngu 3 eldri leikmenn leika hvern leik hverju sinni.

Leiki leikmaður á undanþágu með sínum eða eldri aldursflokk fellur undanþága viðkomandi leikmanns sjálfkrafa úr gildi og hefur hann því ekki leikheimild í næsta leik með yngra ári nema í



sérstökum undantekningartilfellum en sækja þarf um slíkar undanþágur fyrirfram til mótanefndar.

Leikmenn í 2.-6. flokki mega aðeins leika með einu liði í hverju móti.

Félag í 2.-4. flokki, sem er með tvö lið í sitthvorri deildinni, getur skilað inn lista til HSÍ með nöfnum 5 leikmanna fyrir hvert lið í 2.-4. flokki sem hafa einungis leikheimild með því liði sem leikur í efri deild (A liði félagsins). Aðrir leikmenn flokksins utan þessa lista mega frá þeim tíma leika með báðum liðum félagsins í árgangnum.

Sé félag í 2.-4. flokki, með 3 lið eða fleiri í sama flokki og öll í sitthvorri deildinni getur félag skilað inn lista með nöfnum 5 leikmanna fyrir hvert lið í 2.-4. Hafa þeir leikmenn þá einungis leikheimild með viðkomandi liði og liði í deild ofar, en aðrir mega leika með hvaða liði sem er.

Ef leikmaður, sem er á lista félags, er hættur að leika fyrir félagið á viðkomandi tímabili vegna meiðsla eða annarra atriða skal félag skipta honum út af listanum fyrir nýjan leikmann. Ef félag tilkynnir ekki nýjan leikmann á listann getur HSÍ valið virkan leikmann úr leikmannahóp félagsins og tilkynnt hann á listann.

Sendi félag ekki inn lista með leikmönnum eða vanrækir að bæta við listann skv. 8. mgr. þessarar greinar þrátt fyrir áskorun mótanefndar HSÍ, hafa leikmenn einungis leikheimild með einu liði.

Félagi er heimilt að sækja um til mótanefndar að skipta út leikmanni af listinum fyrir nýjan. Slíkt leyfi er þó aðeins veitt í undantekningartilfellum og þarf félag að hafa til þess ríkar ástæður. Slík umsögn skal rökstudd til mótanefndar.

Listi með nöfnum leikmanna er birtur á heimsíðu HSÍ.

Félag í 2.-4. flokki, sem er með tvö lið í sömu deild er heimilt að færa leikmann á milli liða hafi viðkomandi verið leikmaður annars liðsins samfellt í 4 síðustu leiki fyrir færslu. Skal sú færsla tilkynnast HSÍ á félagaskiptaeyðublaði.

Þegar félag í 2.-6. flokki eru með lið í sitt hvorri deildinni er heimilt að sækja um sérstaka undanþágu til mótanefndar HSÍ um að leikmaður megi leika sem markvörður með einu liði og útileikmaður með öðru liði, innan sama félags. Skal viðkomandi leikmaður vera merktur sérstaklega á leikskýrslu.

Undanþágur í grein þessarri um heimildir leikmanna til að leika með fleiri en einu liði eru settar til að tryggja að sem flestir fá tækifæri til að keppa við jafningja og að auka leiktíma varamanna í efri liðum í árgögum félaga. Mótanefnd áskilur sér rétt til að afturkalla undanþágur og heimildir skv. reglugerð þessarar verði félag uppvist um misnotkun á þeim.

7. gr. Leikskýrsla



Leikskýrsla skal fyllt út skv. leiðbeiningum frá HSÍ.

Á leikskýrslu í meistaraflokki mega vera allt að 16 manns á skýrslu.

Á leikskýrslu í 2. flokki til og með 4. flokki mega vera allt að 14 manns á skýrslu.

Í 5. og 6. flokki mega vera allt að 12 leikmenn í liði og í 7. og 8. flokki mega vera allt að 7 leikmenn í liði.

Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu.

Fyrir upphaf leiks skal leikskýrsla staðfest af ábyrgum starfsmanni hvors liðs.

Dómarar skulu sannreyna fjölda þeirra sem skráðir eru á leikskýrslu. Einn starfsmaður (mest 5) skal vera skráður í leik hjá hvorú félagi. Ábyrgur (A) starfsmaður lið skal vera ábyrgur fyrir rétt útfylltri leikskýrslu.

Ekki er heimilt að breyta leikskýrslu eftir að leikur hefst né bæta leikmönnum eða starfsmönnum inn á hana. Aðeins þeir sem eru skráðir á skýrslu þegar leikur hefst með upphafsmerki dómara hafa heimild til að taka þátt í viðkomandi leik. Allir leikmenn/starfsmenn sem eru skráðir á skýrslu leiks þegar leikur hefst með upphafsmerki dómara teljast hafa tekið þátt í viðkomandi leik án tillits til þess hvort viðkomandi hefur komið inná leikvöllinn eður ei.

Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi.

Leikmenn sem leika í efstu deildum karla og kvenna skulu hafa sama númer í öllum leikjum í opinberri keppni á vegum HSÍ.

Fyrir leik skulu dómarar ásamt eftirlitsmanni yfirfara leikskýrslu, og ef einhverju er ábótavant skal bæta úr því áður en leikur hefst.

Framkvæmdaaðili, þ.e. félag sem á heimaleik eða félag sem hefur umsjón með móti, skal senda inn leikskýrslu að leik loknum skv. leiðbeiningum frá HSÍ.

Eftirlitsmaður skal skila skýrslu til dómaranefndar og skýrslu um umgjörð leikja til mótanefndar innan 24 klst. frá því að leik lýkur.

8. gr. Búnaður leikmanna

Keppnisbúningur leikmanns er Treyja, stuttbuxur og sokkar og skal hann vera í samræmi við reglur HSÍ eins og annar búnaður leikmanns.



Allir leikmenn sama liðs, að undanskildum markverði, skulu vera í eins litum búningi. Séu búningar beggja liðanna svo líkir, að dómara veitist örðugt að greina á milli, skal það félag sem á heimaleik halda sínum aðalbúningi en gestalið leika í varabúningi. Sé einhver leikmanna í búningi sem frábrugðinn er búningi félaga hans skal dómarí víkja honum af leikvelli þar til ákvæði þessu hefur verið fullnægt.

Félag skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings. Litir varakeppnisbúnings skulu vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings annan ljósan og hinn dökkan.

9. gr. Keppnisknettir

Framkvæmdaaðili leiks /móts skal leggja til knetti.

HSÍ skal heimilt að semja um notkun knattar af tiltekinni gerð í einstök mótt á þess vegum.

III. kafli. MÓTAREGLUR

10. gr. Mótanefnd HSÍ

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag móta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd.

11. gr. Þátttökuréttur

Aðildarfélög HSÍ eiga rétt á að taka þátt í öllum opinberum handknattleiksmótum nema móttareglur kveði á um annað.

Stjórn HSÍ skal í samráði við mótanefnd ákveða þátttökugjöld í mótmum á vegum HSÍ.

Þátttökutilkynningar skulu berast skrifstofu HSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 9. maí ár hvert.

12. gr. Sameiginleg lið

Heimilt er tveimur félögum eða fleiri að senda sameiginlegt lið til keppni í mótmum. Félag getur ekki tekið þátt í mótmum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi eða öðrum félögum í sama aldursflokki.

Ef aðildarfélög innan HSÍ senda sameiginlegt lið til keppni í einhverjum aldursflokki, er leikmanni aðildarfélags heimilt að leika með viðeigandi sameiginlegu liði, þrátt fyrir að hann leiki einnig með sínu félagi í öðrum aldursflokki.



Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulagt og senda stjórn HSÍ til staðfestingar, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi skal koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit.

Ákveði tvö eða fleiri félög að senda sameiginlegt lið til þátttöku í móturnum skal sameiginlega liðið halda sæti þess félags, sem rétt á til að leika í hæsta riðli eða deild næsta keppnistímabil.

Ákveði félag, sem á aðild að sameiginlegu liði að senda eigið lið til þátttöku í móturnum viðkomandi aldursflokk skal líta svo á, að sameiginlega liðið hafi hætt þátttöku. Félög, sem eiga aðild að sameiginlegu liði sem hættir keppni þurfa að hefja keppni að nýju í lægsta riðli eða deild í viðkomandi aldursflokk. Félögin geta þó sótt um til stjórnar HSÍ að halda sæti sameiginlega liðsins.

13. gr. Framkvæmd og skipulag leikja og móta

Aðildarfélög HSÍ annast framkvæmd heimaleikja sinna og greiða kostnað vegna þeirra nema móttareglur kveði á um annað. Þá annast aðildarfélög HSÍ framkvæmd þeirra leikja er mótanefnd kann að fela þeim.

Stjórn HSÍ skal semja um útsendingarrétt frá leikjum landsliða. Stjórn HSÍ skal sjá um samninga fyrir deildarkeppni í meistaraflokk karla og kvenna sem og bikarkeppni.

Aðildarfélög HSÍ skulu sjálf standa straum af ferða- og uppihaldskostnaði í leikjum sínum nema móttareglur kveði á um annað.

Aðildarfélög HSÍ sem sjá um framkvæmd leikja, skulu í einu og öllu fara eftir leikjaskrá og handbók leikja útgefnum af mótanefnd HSÍ.

Reglugerð HSÍ um aðgönguskírteini kveður á um hverjir hafa ókeypis aðgang að leikjum.

Milli leikja hjá sama liði í meistaraflokk skulu líða minnst 2 heilir dagar, en þó heimilt er mótanefnd að stytta þennan tíma ef nauðsyn krefur.

Verði leik frestað skv. ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs eða annarra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð, skal leikurinn fara fram næsta dag eða svo fljótt sem hægt er.

Noti dómari rétt sinn til að fresta leik eða slíta skal hann ganga frá skýrslu og skýra ástæðu ákvörðunar sinnar. Slík skýrsla skal send skrifstofu HSÍ þegar í stað.

Sjái dómarar eða eftirlitsmaður eitthvað athugavert við framkvæmd leiks í meistaraflokkum skulu þeir skila þar til gerðri skýrslu um það til mótanefndar.



Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginn heimild mótanefndar.

Ef lið breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum HSÍ.

Mótanefnd getur frestað leikjum í öllum deildum og aldursflokkum ef upp koma þær aðstæður að leikur eða leikir geta ekki farið fram svo sem vegna óveðurs, sjúkdóma eða annarra ófyrirséðna ástæðna. Telji félag að leikur geti ekki farið fram, ber að tilkynna það án tafar til mótanefndar sem þá tekur ákvörðun um hvort leik skuli frestað og tilkynnir hlutaðeigandi aðilum.

Mótanefnd er heimilt að fresta einstökum leikjum liða sem taka þátt í evrópukeppnum, þannig að liðin leiki ekki á milli leikja í þessum keppnum.

Mótanefnd er heimilt að færa lið niður um riðil/deild í yngri flokkum, berist henni rökstudd ósk um það frá stjórн hlutaðeigandi félags með þáttökutilkynningu.

Ef sæti losnar í riðli/deild í yngri flokkum skal mótanefnd ákveða hvaða félag tekur sætið sem losnar.

Mót á vegum aðildarfélaga HSÍ skal tilkynna mótanefnd fyrir 1. júlí ár hvert og þau dagsett í samráði við hana.

Á tímavarðarborði skulu vera brottvísunarspjöld, leikhlésspjöld, ritaraskýrsla, skeiðklukka, flauta, gul og rauð spjöld og skriffæri.

Það er á ábyrgð heimaliðs að öryggi leikmanna, starfsmanna, dómara og annarra sé tryggt.

Bönnuð er með öllu notkun gaslúðra eða annarra sambærilegra lúðra á leikjum. Bannað er að vera með trommur og/eða lúðra fyrir aftan ritara-, tímavarðarborð og skiptisvæði liðanna.

14. gr. Úrslitakeppnir

Mótanefnd annast skipulag og niðurröðun úrslitaleikja og úrslitakeppna í yngri flokkum, en getur falið einstökum félögum að hafa umsjón með úrslitadegi yngri flokka.

15. gr. Lögmæti leiks

Leikur er aðeins gildur, að farið sé eftir lögum og reglugerðum HSÍ og ÍSÍ.

HSÍ getur lagt bann við að leikur fari fram, ef sýnt þykir, að ekki verði farið eftir gildandi reglum.



16. gr. Handknattleiksvellir

Um vallarstærð gilda ákvæði leikreglna IHF, en þó getur mótanefnd HSÍ, veitt undanþágu ef sérstaklega stendur á eða óskað er.

Heimalið skal tryggja fyllsta öryggi leikmanna og dómara leiksins. Á öllum leikvöllum skulu vera tiltækar sjúkrabörur og aðstaða og annar útbúnaður til þess að sinna fyrstu hjálp ef slys ber að höndum.

17. gr. Dómaramál

HSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómurum í leikjum í eftirfarandi mótum:

- a. öllum mótum HSÍ í meistaraflokkí
- b. keppni 2. flokks karla
- c. bikarkeppni yngri flokka
- d. úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka

HSÍ getur falið félagi, sem hefur umsjón með úrslitakeppni í yngri flokkum, að annast dómgaeslu í viðkomandi keppni.

Sé um verulegan ferðakostnað dómara að ræða, er félögum þó heimilt í mórum yngri flokka að koma sér saman um dómara í samráði við skrifstofu HSÍ.

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómurum í leikjum í deildarkeppni yngri flokka að frátöldum 2. flokki.

18. gr. Eftirlitsmenn

Eftirlitsmaður skal tryggja það að leikur fari fram á íþróttamannlegan hátt og eftir settum reglum og grípa inn í ef um atriði er að ræða, sem geta haft í för með sér kær. Eftirlitsmaður skal fylgjast með framkvæmd leiks og vekja athygli dómara á því, ef eitthvað er ekki í samræmi við reglur. Sjái eftirlitsmaður eitthvað athugavert við framkvæmd leiks skal hann skila þar til gerðri skýrslu um það til mótanefndar. Eftirlitsmaður skal skila inn skýrslu til dómaranefndar sem sýnir mat hans á störfum dómara í leiknum en hann hefur ekki lögsögu með því sem dómarar ákveða og byggt er á mati þeirra á stöðunni í leiknum.

Eftirlitsmaður skal sitja við tímavarðarborð, við hlið tímavarðar, meðan á leik stendur og hafa góða yfirsýn yfir skiptimannasvæðið allan tímann og geta gripið inn í, ef nauðsyn krefur.

19. gr. Töfluröð



Leikjum í stigakeppni er að öllu jöfnu raðað eftir þessum töflum:

3-4 lið:

1. umferð	1-4	2-3
2. umferð	4-3	1-2
3. umferð	2-4	3-1

5-6 lið:

1. umferð	1-6	2-5	3-4
2. umferð	1-2	5-3	6-4
3. umferð	3-1	4-5	2-6
4. umferð	2-3	1-4	6-5
5. umferð	5-1	3-6	4-2

7-8 lið:

1. umferð	1-8	2-7	3-6	4-5
2. umferð	1-2	7-3	6-4	8-5
3. umferð	3-1	4-7	5-6	2-8
4. umferð	1-4	2-3	7-5	8-6
5. umferð	5-1	4-2	6-7	3-8
6. umferð	1-6	2-5	3-4	8-7
7. umferð	7-1	6-2	5-3	4-8

9-10 lið:

1. umferð	1-10	2-9	3-8	4-7	5-6
2. umferð	10-6	1-2	9-3	8-4	7-5
3. umferð	2-10	3-1	4-9	5-8	6-7
4. umferð	10-7	1-4	2-3	9-5	8-6
5. umferð	3-10	5-1	4-2	6-9	7-8
6. umferð	10-8	1-6	2-5	3-4	9-7
7. umferð	4-10	7-1	6-2	5-3	8-9
8. umferð	10-9	1-8	2-7	3-6	4-5
9. umferð	5-10	9-1	8-2	7-3	6-4

11-12 lið:

1. umferð	2-11	3-10	4-9	5-8	6-7	1-12
2. umferð	8-6	9-5	10-4	11-3	1-2	12-7
3. umferð	3-1	4-11	5-10	6-9	7-8	2-12
4. umferð	9-7	10-6	11-5	1-4	2-3	12-8
5. umferð	4-2	5-1	6-11	7-10	8-9	3-12
6. umferð	10-8	11-7	1-6	2-5	3-4	12-9
7. umferð	5-3	6-2	7-1	8-11	9-10	4-12
8. umferð	11-9	1-8	2-7	3-6	4-5	12-10
9. umferð	6-4	7-3	8-2	9-1	10-11	5-12



10. umferð	1-10	2-9	3-8	4-7	5-6	12-11
11. umferð	7-5	8-4	9-3	10-2	11-1	6-12

Fyrri talan táknar heimalið en seinni talan gestalið. Ef leikin er tvöföld keppni, snúast tölurnar við í seinni umferðinni.

Ef mörg lið frá sama svæði eiga að leika á sama degi er heimilt að víkja frá ákvæðum þessum.

20. gr. Vinningsröð liða

Vinningsröð liða i keppnum á vegum HSÍ ákvarðast á eftirfarandi hátt.

Raða skal liðum til úrslita eftir keppni í riðlum, milliriðlum og deildum, þar sem ekki skal leikið til þrautar, í öllum flokkum, sem hér segir:

1. Samanlagður stigafjöldi úr öllum leikjum.

Unnninn leikur	2 stig
Jafntefli	1 stig
Tapaður leikur	0 stig
2. Stigafjöldi úr innbyrðis leikjum viðkomandi liða.
3. Markamunur úr innbyrðis leikjum.
4. Fleiri skoruð mörk í innbyrðis leikjum.
5. Markamunur úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
6. Fleiri skoruð mörk úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
7. Hlutkesti.

Í 5.-6. flokki skal vinningsröð liða vera eftirfarandi:

1. Samanlagður stigafjöldi úr öllum leikjum.

Unnninn leikur	2 stig
Jafntefli	1 stig
Tapaður leikur	0 stig
2. Stigafjöldi úr innbyrðis leikjum viðkomandi liða.
3. Markamunur úr innbyrðis leikjum.
4. Færri mörk fengin á sig í innbyrðis leikjum.
5. Markamunur úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
6. Færri mörk fengin á sig úr öllum leikjum viðkomandi liða í keppninni.
7. Hlutkesti.

21. gr. Leikið til þrautar



Þegar leikið skal til þrautar og jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma skal fyrirkomulag í 4. flokki til og með meistaraflokki vera með eftirfarandi hætti:

1. Tekið skal leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
2. Leikið skal í 2x5 mínútur með 1 mínuðu leikhléi. Skipt er um vallarhelming í hálfleik.

Ef enn er jafnræði með liðum skal:

3. Tekið skal leikhlé í 5 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.
4. Leikið skal í 2x5 mínútur með 1 mínuðu leikhléi. Skipt er um vallarhelming í hálfleik.

Ef enn er jafnræði með liðum skal vera með eftirfarandi hætti:

5. Vítakastkeppni.

- a. Hvort lið tilnefnir 5 leikmenn sem höfðu leikheimild í lok síðari framlengingar. Afhenda skal lista með númerum 5 leikmanna. Hver hinna tilnefndu leikmanna skal taka eitt kast til skiptis við mótherjanna. Liðin ákveða sjálf röð kastara.
- b. Leikmenn og markverðir sem hafa leikheimild eru þeir leikmenn á leikskýrslu, sem ekki voru útilokaðir, brotvinir eða brotvísad, þegar flautað var til loka seinni framlengingar.
- c. Markverði má velja frjálst og skipta þeim út í samræmi við leikreglur. Markverðir mega taka stöðu útileikmanna og útileikmenn mega taka stöðu markvarða.
- d. Dómarar velja mark sem skal nota. Dómarar draga um það hvort lið byrjar. Það lið sem vinnur dráttinn hefur rétt á því að velja hvort það byrjar eða endar.
- e. Ef leikur er enn jafn eftir fyrstu umferð vítakastkeppninnar skal vítakastkeppnin endurtekin þar til niðurstaða fæst. Lið það sem ekki hóf vítakastkeppnina byrjar. Í þessari umferð verður að tilnefna að nýju 5 leikmenn í hvoru liði (þeir leikmenn sem þegar hafa tekið þátt í vítakastkeppnni geta verið tilnefndir aftur)
- f. Úrslit í annarri umferð eru fengin um leið og það verður markamunur þegar bæði lið hafa lokið kasti. Eftir 5 köst verður að tilnefna að nýju 5 leikmenn í hvoru liði (þeir leikmenn sem þegar hafa tekið þátt í vítakastkeppnni má tilnefna aftur).
- g. Alvarleg brot sem eiga sér stað á meðan á vítakastkeppninni stendur skal refsað fyrir með útilokun í öllum tilvikum. Ef að leikmaður eða markvörður er útilokaður eða meiðist skal tilnefna nýjan leikmann/markvörð.
- h. Á meðan að köst eru tekin hafa aðeins leikmaður sem tekur kastið og markvörður sem ætlar að verja kastið ásamt dómurum heimild til að vera inni á þeim hluta leikvallarins sem vítakastkeppnin fer fram.
- i. Ef í tilfellum þar sem leikmenn eru færri en 5, sem hafa heimild til þátttöku í leiknum, hefur lið heimild að tilnefna leikmenn í viðbótarkast í sömu umferð.

Í 5. og 6. flokki skal framhaldið vera sem hér segir ef jafnræði er með liðum að loknum venjulegum leiktíma og skal leikið til þrautar :

1. Tekið leikhlé í 3 mínútur. Hlutkesti varpað um hvort lið skal hefja leik.



2. Leikið í 2x3 mín. með 1 mín. leikhléi, en skipt um vallarhelming.

Ef enn er jafnt.

3. Skal varpa hlutkesti um sigur, sem þjálfarar liða (starfsmenn A á skýrslu) skulu velja.

IV. Kafli. HANDKNATTLIEIKSMÓT HSÍ

22. gr. Meistaraflokkur

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 10 mín. Heimilt er að lengja leikhlé í 15 mín á tæknifundi fyrir leik ef sérstakar ástæður séu fyrir því.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Stærð knattar: 3 hjá körlum, 2 hjá konum.

Íslandsmót

A. Deildaskipting

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokk karla og kvenna:

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvallsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvallsdeildina er deildarmeistari úrvallsdeilda og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deilda.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvallsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -5. sæti 1. deilda, taka sæti þeirra.



Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSÍ setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.

B. Úrslitakeppnir úrvalsdeilda

a) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3/6 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4/5 mætir liði 1.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 9-14 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.



C. Umspil 1.deildar

a) 8 liða úrvalsdeild

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeilda mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 10-12 liða úrvalsdeild

Lið 2 í 1. deild mætir liði 5 í 1. deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki í þeirri viðureign fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef ekki næst fullur liðafjöldi til þátttöku í umspili í 1.deild skal efsta lið umspils sitja hjá í 4 liða úrslitum.

D. Fjölgun í úrvalsdeild

a) Ef fjölga á úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

1. Lið sem tapar úrslitum umspils 1. deildar
2. Liðið í 7. sæti úrvalsdeilda,
3. Efsta lið 1. deilda sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

b) Ef fjölga á úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð:

1. Lið sem tapar úrslitum umspils,
2. Liðið í 9. sæti úrvalsdeilda,
3. Efsta lið 1. deilda sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.

c) Ef fjölga á úr 8 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð.

1. Lið sem tapar úrslitum umspils
2. Liðið í 8. sæti úrvalsdeilda



3. Liðin sem töpuðu undanúrslitum umspils.

E. Fækkun í úrvvalsdeild

Ef fækka þarf liðum í úrvvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í 1. deild er færri en 6 lið skal leika í einni deild þegar í stað.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

F. Höfnun á þátttökurétt í úrvvalsdeild

Dragi lið sig úr úrvvalsdeild eða hafni lið því að taka sæti í úrvvalsdeild skulu lið fá það sæti í þessari röð.

1. Lið sem tapar úrslitum umspils
2. Lið sem féll úr úrvvalsdeild í efra sæti
3. Lið sem féll úr úrvvalsdeild í neðra sæti
4. Efsta lið 1. deilda sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvvalsdeild.

Hafi lið unnið sér rétt til að taka sæti í úrvvalsdeild en hafnar því skal það sæta sektum.

G. Kostnaðarskipting

Heimalið fær allar tekjur og ber allan kostnað vegna framkvæmdar leiks. Það félag, sem ferðast til leiks greiðir sjálft ferða- og upphaldskostnað leikmanna sinna. Hafi félag ferðast til leiks, sem síðan er aflyst, án þess að unnt hafi verið að tilkynna féluginu það áður en ferðin hófst, á félagið rétt á greiðslu ferðakostnaðar fyrir 18 manns frá HSÍ (þar sem það á við), enda hafi ferðin hafist á eðlilegum tíma. Þetta gildir einnig þegar dómarí verður að slíta leik og hann þarf að fara fram að nýju. Mótanefnd HSÍ sker úr ágreiningi um ferðakostnaðinn.

Ef kemur til oddaleiks í úrslitakeppni eða umspili skal heimalið skal hafa til ráðstöfunar 65% af aðgöngumiðafjölda og gestir 35%. Gestir skulu skila óseldum miðum a.m.k. 1. klst. fyrir leik.

H. Ungmennalið

Félögum er heimilt að senda til keppni í meistaraflokki ungmennalið svo framarlega sem þau leika ekki í sömu deild. Ungmennalið hjá félagi getur aldrei unnið sér inn keppnisrétt í úrvvalsdeild.

Ungmennalið skulu ekki vera með forgang við skipun í deildir gagnvart aðalliðum annarra félaga.



Í ungmennaliði geta aðeins leikið einstaklingar sem eru 23 ára eða yngri árið þegar keppnistímabilið hefst og skulu 10 leikmenn á leikskýrslu hverju sinni vera uppaldir leikmenn félagsins. Til að teljast uppalinn leikmaður félags þarf viðkomandi að hafa verið leikmaður félagsins amk. 3 keppnistímabil.

Fjórir leikmenn, sem léku síðasta leik með aðalliði félags, hafa heimild til að leika með ungmennaliði félagsins, uppfylli þeir aldursskilyrðið.

Stjórn HSÍ er í algerum undantekningartilfellum heimilt að samþykkja undantekningar frá ofangreindum reglum. Beiðnir af þessum toga skulu ítarlega rökstuddar.

Tveir leikmenn eldri en 23 ára mega leika með ungmennaliði félags hverju sinni en þeir skulu þó hafa verið utan leikskýrslu í seinustu tveim leikjum hjá aðalliði félagsins.

Verði félag uppvist um misnotkun á reglum skv. grein þessari er mótanefnd heimilt að sekta viðkomandi félag og/eða afturkalla undanþágur og heimildir félags.

I. Almenn ákvæði

Við deildarskiptingu skal miða við þau lið sem hafa tilkynnt með fullnægjandi hætti þáttöku til skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests skv. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Mótanefnd skal að öllu jöfnu raða leikjum í síðustu tveimur umferðum í efstu deildum karla annars vegar og kvenna hins vegar á sama tíma. Leikir í þessum umferðum, sem geta haft úrslitaáhrif á stöðu liða í efstu sætum (rétt til þáttöku í úrslitakeppni/umspili), skulu ávallt fara fram á sama tíma. Sama á við um leiki, sem geta haft úrslitaáhrif á fall úr deild. Liði, sem ferðast til leiks í þessum umferðum, er óheimilt að treysta á flug á leikdegi og skal nota annan ferðamáta til að komast á leikstað á réttum tíma.

Bikarkeppni HSÍ

Þátttaka í bikarkeppni HSÍ er heimil öllum aðildarfélögum HSÍ.

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það kýs og skal fyrsta lið félags ávallt vera A lið félagsins.

Leikmanni er þó eingöngu heimilt að leika með einu félagi í hverjum flokki í bikarkeppni.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. þó þannig að í undanúrslitum og úrslitum bikarkeppni meistaraflokk karla og kvenna skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vítakastkeppni.



Það lið sem fyrst dregst fær heimaleik. Þó skal það lið sem er í lægri deild eða félög utan deilda ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deildum.

Þurfi að koma til þess að lið í meistaraflokkum karla og kvenna sitji hjá í einstökum umferðum skulu sitja hjá í eftirfarandi röð:

1. Íslandsmeistarar
2. Bikarmeistarar
3. Lið í evrópukeppni í þeirri röð sem þau öðluðust sæti
4. Deildarmeistari úrvalsdeildar

Heimalið fær allar tekjur og ber allan kostnað við framkvæmd leiks að undanskildum ferðakostnaði. Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða hámarks ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að fimm starfsmanna. Þetta á þó ekki við um undan- og úrslitaleiki bikarkeppni en framkvæmd þeirra leikja er í höndum HSÍ og ferðakostnaður liða í þeim umferðum skal greiðast að jöfnu af þátttökuliðum í viðkomandi umferð.

Ef ágreiningur kemur upp um kostnaðarskiptingu og aðilar komast ekki að samkomulagi er hægt að vísa ágreiningnum til mótanefndar HSÍ sem úrskurðar í málínu. Niðurstöða mótanefndar er endanleg og er ekki hægt að skjóta þeirri niðurstöðu til dómstóla HSÍ.

Í bikarkeppni skal heimalið hafa til ráðstöfunar 65% af aðgöngumiðafjölda og gestir 35%. Gestir skulu skila óseldum miðum a.m.k. 1. klst. fyrir leik.

Mótanefnd HSÍ ákveður leikstað í undan- og úrslitaleikjum og skal dregið um leiktíma í undanúrslitum.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Stjórn HSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn bikarkeppninnar.

Meistarakeppni HSÍ

Árlega skal fara fram leikur milli Íslandsmeistara og bikarmeistara HSÍ. Sé sama félag í senn Íslandsmeistari og bikarmeistari skulu Íslandsmeistararnir leika gegn liði því sem varð nr. 2 í bikarkeppninni.

Mótanefnd HSÍ ákveður leikstað og HSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við félög.

Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal ekki leikin framlenging heldur skulu úrslit ráðast í vítakastkeppni.



Kostnaður við leikinn, svo sem húsaleiga, auglýsingar og ferðakostnaður fyrir allt að 18 manns, og dómarakostnaður skal greiðast af HSÍ. Á sama hátt falla allar tekjur af leiknum til HSÍ.

Réttur til Evrópukeppni

Í lok hvers keppnistímabils skal framkvæmdastjóri HSÍ tilkynna þeim félögum sem hafa rétt til þáttöku í Evrópukeppni á næsta keppnistímabili á eftir.

Félög skulu eiga rétt til Evrópukeppni í þessari röð:

1. Íslandsmeistari.
2. Bikarmeistari. Ef bikarmeistari er einnig Íslandsmeistari þá færst réttur á sæti vegna bikarkeppninnar til liðs í 2. sæti í bikarkeppni.
3. Deildarmeistari. Ef deildarmeistari hefur unnið sér inn sæti í Evrópukeppni skv. reglu 1 eða 2, þá færst réttur á sæti vegna deildarmeistara til efsta liðs í deildarkeppni sem ekki hefur rétt á sæti í Evrópukeppni skv. reglu 1 eða 2.

efsta lið í deildarkeppni sem ekki hefur rétt á sæti í Evrópukeppni skv. reglu 1, 2 eða 323. gr.

Keppni 2. flokks karla

Aldur: 20 ára á almanaksárinu og yngri við upphaf tímabils

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leiktími í forkeppni: 40 mín (2 x 20 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Stærð knattar: 3

Íslandsmót

Liðum skal skipt í deildir eftir getu. Mótanefnd skal skipa fjölda liða í deildir, þannig að sem jafnastur fjöldi sé í hverri deild og skal mótanefnd taka tillit til árangurs í viðkomandi flokki síðasta keppnistímabils.

Leitast skal við að fjöldi leikja sé á bilinu 14-18 yfir lektíðina.

Sigurvegari í 1. deild telst deildarmeistari 1. deilda, sigurvegari í 2. deild telst deildarmeistari 2. deilda og sigurvegari í 3. deild telst deildarmeistari 3. deilda.

Félögum er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni, en þá þarf að merkja hvert lið með tölustöfunum 1, 2 o.s.frv.

Úrslitakeppni

Að loknu Íslandsmóti skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn.



Í úrslit skulu fara 6 efstu lið 1. deildar ásamt tveim efstu liðum 2. deildar og skulu þau taka sæti 7 og 8.

Raðað er þannig að efsta lið 1. deildar leikur á móti áttunda liðinu, næst efsta lið 1. deildar leikur á móti sjöunda liðinu o.s.frv. Leikið er á heimavelli þess liðs sem ofar er.

Hafni lið sæti í úrslitum skal efsta liðið sem ekki á sæti í úrslitum taka sæti þess.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. Þó þannig að í úrslitum Íslandsmóts skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vitakastkeppni.

Að lokinni fyrstu umferð skal sigurvegari úr leik 1 mæta sigurvegara úr leik 4 og sigurvegari úr leik 2 mætir sigurvegara úr leik 3. Leikið er á heimavelli þess liðs sem ofar er. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan um Íslandsmeistaratitilinn og skal mótanefnd staðsetja leikinn.

Hafi Íslandsmótið verið leikið í einni deild, skulu 8 efstu lið taka þátt í þessari keppni.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af þátttökuliðum hverrar keppni og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Ef ekki er búið að gera leik upp viku eftir að honum lauk leggjast lögboðnir dráttarvextir á skuldina.

Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða fyrir hvern leik.

Bikarkeppni

Þátttaka í bikarkeppninni er heimil öllum aðildarfélögum HSÍ.

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það kýs og skal fyrsta lið félags ávallt vera A lið félagsins.

Ef félag er með 2 lið eða fleiri í deildarkeppni og bikarkeppni skulu þeir aðilar sem eru á 5 manna lista viðkomandi félags leika með því liði sem þeir eru skráðir í skv. listanum.

Leikmanni er eingöngu heimilt að leika með einu félagi í hverjum flokki í bikarkeppni.

Þurfi að koma til þess að lið sitji yfir í einstökum umferðum skulu þau lið sitja yfir í eftirfarandi röð:

1. Íslandsmeistari
2. Bikarmeistari



3. Deildarmeistari 1. deildar
4. Það lið, sem varð í 2. sæti í 1 deild.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið sem á undan er dregið skal leika á heimavelli. Í keppninni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. Þó þannig að í úrslitum bikarkeppni skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vítakastkeppni.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna.

Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða.

24. gr. Keppni 3. flokks

Aldur: 18 ára á almanaksárinu og yngri við upphaf tímabils

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leiktími í forkeppni: 40 mín (2 x 20 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Stærð knattar: 3 hjá körlum, 2 hjá konum.

Íslandsmót

Liðum skal skipt í deildir eftir getu. Mótanefnd skal skipa fjölda liða í deildir, þannig að sem jafnastur fjöldi sé í hverri deild og skal mótanefnd taka tillit til árangurs í viðkomandi flokki síðasta keppnistímabils.

Leitast skal við að fjöldi leikja sé á bilinu 14-18 yfir leiktíðina.

Sigurvegari í 1. deild telst deildarmeistari 1. deildar, sigurvegari í 2. deild telst deildarmeistari 2. deildar og sigurvegari í 3. deild telst deildarmeistari 3. deildar

Félögum er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni, en þá þarf að merkja hvert lið með tölustöfunum 1, 2 o.s.frv.

Úrslitakeppni

Að loknu Íslandsmóti skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn.

Leikin skulu bæði A og B úrslit.



Í A úrslit skulu fara 6 efstu lið 1. deildar ásamt tveim efstu liðum 2. deildar og skulu þau taka sæti 7 og 8. Hafni lið sæti í úrslitum skal efsta lið sem ekki á sæti í úrslitum taka sæti þess. Hafi Íslandsmótið verið leikið í 1 deild, skulu 8 efstu lið taka þátt í þessari keppni.

Í B úrslitum skulu leika 2 efstu liðin úr 1. deild sem ekki áttu sæti í A úrslitum, 4 efstu liðin úr 2. deild sem ekki áttu lið í A úrslitum og 2 efstu lið 3. deildar. Skal liðum raðað í sæti 1-8 eftir árangri og er byrjað ofanfrá. Hafi ekki verið leikið í 3. deild skulu 3 efstu lið 1. deildar sem ekki áttu sæti í A úrslitum fara í B úrslit ásamt 5 efstu liðum 2. deildar sem ekki áttu lið í A úrslitum. Þátttaka í B úrslitum er valkvæð og afsali lið sér sæti í B úrslitum skal efsta lið sem á ekki þegar sæti í A eða B úrslitum taka sæti þeirra. B úrslit skulu leikast á einni helgi og úthlutar mótanefnd keppninni.

Raðað er þannig að efsta lið 1. deildar leikur á móti áttunda liðinu, næst efsta lið 1. deildar leikur á móti sjöunda liðinu o.s.frv. Leikið er á heimavelli þess liðs sem ofar er.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik.

Að lokinni fyrstu umferð skal sigurvegari úr leik 1 mæta sigurvegara úr leik 4 og sigurvegari úr leik 2 mætir sigurvegara úr leik 3. Leikið er á heimavelli þes liðs sem ofar er. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan um Íslandsmeistaratitilinn og skal mótanefnd staðsetja leikinn.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. þó þannig að í úrslitum Íslandsmóts skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vítakastkeppni.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af þátttokuliðum hverrar keppni og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Ef ekki er búið að gera leik upp viku eftir að honum lauk leggjast lögboðnir dráttarvextir á skuldina.

Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða fyrir hvern leik.

Bikarkeppni

Þátttaka í bikarkeppninni er heimil öllum aðildarfélögum HSÍ.

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það kýs og skal fyrsta lið félags ávallt vera A lið félagsins.

Ef félag er með 2 lið eða fleiri í deildarkeppni og bikarkeppni skulu þeir aðilar sem eru á 7 manna lista viðkomandi félags leika með því liði sem þeir eru skráðir í skv. listanum.



Leikmanni er þó eingöngu heimilt að leika með einu félagi í hverjum flokki í bikarkeppni.

Þurfi að koma til þess að lið sitji yfir í einstökum umferðum skulu þau lið sitja yfir í eftirfarandi röð:

1. Íslandsmeistari
2. Bikarmeistari
3. Deildarmeistarar í 1. deild.
4. Það lið, sem varð í 2. sæti í 1 deild.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið sem á undan er dregið skal leika á heimavelli. Í keppninni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. Þó þannig að í úrslitum bikarkeppni skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vítakastkeppni.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna.

Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða.

25. gr. Keppni 4. flokks

Aldur: 15 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 50 mín. (2 x 25 mín.)

Leiktími í forkeppni: 40 mín (2 x 20 mín.)

Leikhlé: 7 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Stærð knattar: 2 hjá körlum, 1 hjá konum.

Íslandsmót

Mótahald er árgangaskipt, það er leikið sér Íslandsmót eldra og yngra árs. Liðum skal skipt í deildir eftir getu. Mótanefnd skal skipa fjölda liða í deildir, þannig að sem jafnastur fjöldi sé í hverri deild og skal mótanefnd taka tillit til árangurs í viðkomandi árgangi síðasta keppnistímabil.

Leitast skal við að fjöldi leikja sé á bilinu 14-18 yfir lektíðina.

Sigurvegari í 1. deild telst deildarmeistari 1. deilda, sigurvegari í 2. deild telst deildarmeistari 2. deilda og sigurvegari í 3. deild telst deildarmeistari 3. deilda



Félögum er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni, en þá þarf að merkja hvert lið með tölustöfunum 1, 2 o.s.frv.

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í 4. flokki skal greiða kr. 4.000,- fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika í úrslitakeppni. Að auki skal hvert lið greiða kr. 1.500,- sem skal notað til að greiða fyrir umsjón á úrslitaleikjum. Gjöld þessi skulu innheimt með þátttökugjöldum.

Úrslitakeppni

Að loknu Íslandsmóti skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn.

Leikin skulu bæði A og B úrslit.

Í A úrslit skulu fara 6 efstu lið 1. deildar ásamt tveim efstu liðum 2. deildar og skulu þau taka sæti 7 og 8. Hafni lið sæti í úrslitum skal efsta lið sem ekki á sæti í úrslitum taka sæti þess. Hafi Íslandsmótið verið leikið í 1 deild, skulu 8 efstu lið taka þátt í þessari keppni.

Í B úrslitum skulu leika 2 efstu liðin úr 1. deild sem ekki áttu sæti í A úrslitum, 4 efstu liðin úr 2. deild sem ekki áttu lið í A úrslitum og 2 efstu lið 3. deildar. Skal liðum raðað í sæti 1-8 eftir árangri og er byrjað ofanfrá. Hafi ekki verið leikið í 3. deild skulu 3 efstu lið 1. deildar sem ekki áttu sæti í A úrslitum fara í B úrslit ásamt 5 efstu liðum 2. deildar sem ekki áttu lið í A úrslitum. Þátttaka í B úrslitum er valkvæð og afsali lið sér sæti í B úrslitum skal efsta lið sem á ekki þegar sæti í A eða B úrslitum taka sæti þeirra. B úrslit skulu leikast á einni helgi og úthlutar mótanefnd keppninni.

Raðað er þannig að efsta lið 1. deildar leikur á móti áttunda liðinu, næst efsta lið 1. deildar leikur á móti sjöunda liðinu o.s.frv. Leikið er á heimavelli þess liðs sem ofar er.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik.

Að lokinni fyrstu umferð skal sigurvegari úr leik 1 mæta sigurvegara úr leik 4 og sigurvegari úr leik 2 mætir sigurvegara úr leik 3. Leikið er á heimavelli þes liðs sem ofar er. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan um Íslandsmeistaratitilinn og skal mótanefnd staðsetja leikinn.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. þó þannig að í úrslitum Íslandsmóts skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vítakastkeppni.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af þátttökuliðum hvarrar keppni og skal mótanefnd ákværða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölda þeirra leikmanna sem skráðir



eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Ef ekki er búið að gera leik upp viku eftir að honum lauk leggjast lögboðnir dráttarvextir á skuldina.

Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða fyrir hvern leik.

Bikarkeppni

Mótahald er árgangaskipt, það er leikið sér bikarkeppni eldra og yngra árs

Þátttaka í bikarkeppnni er heimil öllum aðildarfélögum HSI.

Hverju félagi er heimilt að senda eins mörg lið til keppni og það kýs og skal fyrsta lið félags ávallt vera A lið félagsins.

Ef félag er með 2 lið eða fleiri í deildarkeppni og bikarkeppni skulu þeir aðilar sem eru á 7 manna lista viðkomandi félags leika með því liði sem þeir eru skráðir í skv. listanum.

Leikmanni er þó eingöngu heimilt að leika með einu félagi í hverjum flokki í bikarkeppni.

Þurfi að koma til þess að lið sitji hjá í einstökum umferðum skulu þau lið sitja yfir í eftirfarandi röð:

1. Íslandsmeistari
2. Bikarmeistari
3. Deildarmeistarar 1. deildar.
4. Það lið, sem varð í 2. sæti í 1. deild.

Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið sem á undan er dregið skal leika á heimavelli. Í keppnni skal hver leikur leikinn til þrautar. Verði jafnt að loknum venjulegum leiktíma skal leik fram haldið í samræmi við viðeigandi ákvæði í gr. 21. Þó þannig að í úrslitum bikarkeppni skal einungis leikið einu sinni í 2*5 mínútur áður en farið er í vítakastkeppni.

Ferðakostnaður skal greiðast að jöfnu af báðum liðum og skal mótanefnd ákvarða ferðakostnað á einstökum leiðum. Miðað skal við fjölða þeirra leikmanna sem skráðir eru á leikskýrslu viðkomandi leiks auk allt að tveggja starfsmanna. Ef ekki er búið að gera leik upp viku eftir að honum lauk leggjast lögboðnir dráttarvextir á skuldina.

Dómarakostnaður skiptist jafnt milli liða.

Leikreglur

Eftirfarandi undantekning er á leikreglum sem ber að fara eftir í móturnum.



- Óheimilt er að taka úr umferð.

26. gr. Keppni 5. flokks

Aldur: 13 ára á almanaksárinu og yngri

Leiktími: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikhlé: 3 mín.

Framlenging: 6 mín. (2 x 3 mín.)

Stærð knattar: 1 hjá körlum, 0 hjá konum.

Mótafyrirkomulag

Mótahald er árgangaskipt. Þátttakendur á eldra ári eru 13 ára og yngri og á yngra ári 12 ára og yngri. Halda skal 5 mótt hjá hvorum árgangi, bæði í karla og kvennaflokk, á hverju keppnistímabili.

Öll mótt eru deildarmót og gefa úrslit úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Raða skal í fyrsta mótt eftir úrslitum sama árgangs árinu áður.

Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mótt, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slíkt mótt, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnaðis, starfsmanna og annars þess er slíkt móttshald hefur í för með sér.

Umsóknum um móttahald skal skila til móttanefndar HSÍ fyrir 9. maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan móttum samkvæmt vinnureglum sínum. Úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða sem félög senda til keppni, reynslu af móttahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mótt. Úthlutun móta skal send út frá móttanefnd í byrjun júní ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða móttum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótsdagsetningar innan 15 daga frá tilkynningu um úthlutun að öðrum kosti verða viðkomandi mótt sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og móttanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokk karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á móttahelgar í þeim húsum sem mótt eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

Móttahald



Tilkynningu um mótt, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mótt.

Leikjaniðurköðun skal liggja fyrir í síðasta lagi á miðvikudegi, viku fyrir mótt (m.v. að mótt hefjist á föstudag). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplaninu nema mistök hafi verið gerð og/eða alvarlegir ágallar séu á niðurköðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjálfa. Mótagjöld skulu greidd fyrir öll tilkynnt lið inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir mótt.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan móttstímann.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvelli og mörk séu í góðu lagi, að veitingasala og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir verðmæti keppenda.

Niðurköðun móta

Við niðurköðun móta skal miða við að leikir taki 40 mínútur.

Eftir hvert mótt verður til styrkleikaröðun og raðast liðin eftir að búið er að færa á milli deilda.

Lið sem ekki tekur þátt í deildarmóti skal falla niður um 2 sæti miðað við síðustu stöðu og skulu önnur lið hliðrast sem því nemur.

Undantekning er þó að ef lið kemst ekki á leikstað vegna veðurs skal liðið halda stöðu sinni á styrkleikaröðun og eftir atvikum skal því leika 6 liða deild á næsta móti.

Deildarmóti skal raðað þannig: í 1. deild skulu raðast þau lið sem efst eru í styrkleikaröðuninni, í 2. deild skulu raðast lið sem koma þar á eftir, í 3. deild skulu raðast lið sem koma þar á eftirog svo koll af kolli.

Í efstu deild skulu að jafnaði leika 5 lið en þó skal fjöldi liða í deildum vera sem jafnastur Allar deildir utan 1. og 2. deildar skulu leiknar í tveim riðlum með 5 liðum í hvorum riðli. Undantekning er þó á neðstu deild standi liðafjöldi þannig. Liðum skal þó ávallt tryggðir 4 leikir. Mótanefnd úrskurðar um vafaatriði um deildarsæti liða.

Í deildarmóti skal miða við að tvö neðstu lið fyrstu deildar falli í aðra deild og að efstu liðin úr sitt hvorum riðlinum taki þeirra sæti. Í öðrum deildum skulu neðstu lið hvors riðils falla um deild og efstu lið hvors riðils í deild fyrir neðan taka þeirra sæti. – þetta er þó einungis gerlegt ef sami fjöldi liða er í efri deildum bæði í fyrra og seinna móti.



Þar sem 4 lið eru í deild skal leikinn aukaleikur og skulu lið í sætum 1 og 2 eftir að deild lýkur mætast, og lið 3 og 4. Skulu þessir leikir telja í stigatöflu líkt og aðrir leikir í riðlinum. Undantekning er þó þegar lið mætir ekki til leiks í 5 liða riðil vegna ófærðar eða annarra ástæðna. Þar skal líta á að lið hafi ekki mætt til leiks og leikir því skrást 5-0.

Félög sem taka að sér þessi mótt þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mótt skal vera frá föstudagi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudagi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Félög eru skyldug til að útvega aðkomuliðum gistingu og morgunmat sé þess óskað gegn gjaldi.

Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistararatitils fást á eftirfarandi hátt í mótum 1-5:

1. sæti. fær 5 stig
2. sæti. fær 4 stig
3. sæti. fær 3 stig
4. sæti. fær 2 stig
5. sæti. fær 1 stig

Eingöngu er veitt stig fyrir lið í 1. deild.

Lið á yngra ári, sem nýtir sér heimild 6. gr. og er með allt að 3 leikmenn á eldra ári, vinnur sér þó ekki inn stig til Íslandsmeistararatitils.

Stigafjöldi til Íslandsmeistararatitils er samtals stigafjöldi úr 3 stigahæstu mótum hvers félags.

Þegar lið hættir keppni á miðju keppnistímabili missir það öll áunnin stig. Sameinist tvö eða fleiri lið frá sama félagi skal líta svo á að um nýtt lið sé að ræða sbr. að ofan.

Lið sem flest stig hlýtur telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

1. sem fékk fleiritig úr 4 stigahæstu mótunum. Sé enn jafnt þá það lið,
2. sem oftar hefur unnið mótt. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
3. sem oftar er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
4. sem fékk fleiri stig úr mótum 1-5. Sé enn jafn þá það lið,
5. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
6. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafn marga leiki innbyrðis.
7. Sé enn jafnt er varpað hlutkesti



Leikreglur

Eftirfarandi undantekningar eru á leikreglum sem ber að fara eftir í mótum.

- Óheimilt er að taka úr umferð.
- Notkun klísturs er óheimil.
- Ef lið sigrar leik með meiri markamun heldur en 7 mörkum skulu úrslit skráð þannig að sigurlið telst hafa unnið leik með 7 mörkum og miðast skoruð mörk við mörk fengin á sig + 7.

Leikheimildir

Félögum er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni, en þá þarf að merkja hvert lið með tölustöfunum 1, 2 o.s.frv.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju móti. Leikmaður telst löggelur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

Þegar nýtt lið kemur inn í deildarkeppni á miðju keppnistímabili hefur það leik í neðstu deild.

Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótsaldara og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

Verðlaun

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í. Reikna skal með 15 verðlaunapeningum á hvert lið.

27. gr. Keppni 6. flokks

Aldur: 11 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikhlé: 3 mín.

Framlenging: 6 mín. (2 x 3 mín.)

Stærð knattar: 0

Mótafyrirkomulag



Mótahald er árgangaskipt. Þátttakendur á eldra ári eru 11 ára og yngri og á yngra ári 10 ára og yngri. Halda skal árlega 5 mótt hjá hvorum árgangi, bæði í karla og kvennaflokki.

Mót 1, 2, 3 4 og 5 eru deildarmót og gefa úrslit úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils.

Í 6. flokki eldra ári skal raða fyrsta mótinu upp eftir úrslitum á síðasta móti sama árgangs árinu áður.

Í 6. flokki yngra ári skal leika 1 mótt sem niðurröðunar mótt og gefa úrslit úr þeim stig til Íslandsmeistaratitils. Leika skal um 8 efstu sætin.

Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mótt, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slíkt mótt, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnaðis, starfsmanna og annars þess er slíkt móttahald hefur í för með sér.

Umsóknum um móttahald skal skila til móttanefndar HSÍ fyrir 9. maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan móttum samkvæmt vinnureglum sínum. Úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða sem félög senda til keppni, reynslu af móttahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mótt. Úthlutun móta skal send út frá móttanefnd í byrjun júní ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða móttum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótsdagsetningar innan 15 daga frá tilkynningu um úthlutun að öðrum kosti verða viðkomandi mótt sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og móttanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á móttahelgar í þeim húsum sem mótt eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

Mótahald

Tilkynningu um mótt, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal móttahaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrr mótt.

Leikjaniðurröðun skal liggja fyrir í síðasta lagi á miðvikudegi, viku fyrir mótt (m.v. að mótt hefjist á föstudagi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplaní nema mistök hafi verið gerð og/eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast móttanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.



Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd fyrir öll tilkynnt lið inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þáttökutilkynningu í síðasta lagi 2 dögum fyrir móti.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan móstímann.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvelli og mörk séu í góðu lagi, að veitingasala og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir verðmæti keppenda.

Niðurröðun móta

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir taki 30 mínútur.

Niðurröðunarmót skal leikið í riðlum og skal raða því í samráði við Mótanefnd HSÍ.

Eftir hvert móti verður til styrkleikaröðun.

- a. Eftir niðurröðunarmót skal skipa öllum liðum í styrkleikaröðun eftir árangri þannig að liðið sem sigraði mótið sé í fyrsta sæti og liðið í 2. sæti í öðru sæti o.s.fr.
- b. Eftir deildarmót raðast liðin eftir að búið er að færa á milli deilda.

Lið sem ekki tekur þátt í deildarmóti skal falla niður um 2 sæti miðað við síðustu stöðu og skulu önnur lið hliðrast sem því nemur.

Undantekning er þó að ef lið kemst ekki á leikstað vegna veðurs skal liðið halda stöðu sinni á styrkleikaröðun og eftir atvikum skal því leika 6 liða deild á næsta móti.

Deildarmóti skal raðað þannig: Í 1 deild skulu raðast þau lið sem efst eru í styrkleikaröðuninni, í 2. deild skulu raðast lið sem koma þar á eftir, í 3. deild skulu raðast lið sem koma þar á eftirog svo koll af kolli.

Í efstu deild skulu að jafnaði leika 5 lið en þó skal fjöldi liða í deildum vera sem jafnastur Allar deildir utan 1. og 2. deildar skulu leikast í tveim riðlum með 5 liðum í hvorum riðli. Undantekning er þó á neðstu deild standi liðafjöldi þannig af sér. Liðum skal þó ávallt tryggðir 4 leikir. Mótanefnd úrskurðar um vafaatriði um deildarsæti liða.

Í deildarmóti skal miða við að tvö neðstu lið fyrstu deildar falli í aðra deild og að efstu liðin úr sitt hvorum riðlinum taki þeirra sæti. Í öðrum deildum skulu neðstu lið hvors riðils falla um deild og efstu lið hvors riðils í deild fyrir neðan taka þeirra sæti. – þetta er þó einungis gerlegt ef sami fjöldi liða er í efri deildum bæði í fyrra og seinna móti.

Þar sem 4 lið eru í deild skal leikinn aukaleikur og skulu lið í sætum 1 og 2 eftir þriðju umferð mótsins mætast, og lið 3 og 4. Skulu þessir leikir telja í stigatöflu líkt og aðrir leikir í riðlinum.



Undantekning er þó þegar lið mætir ekki til leiks í 5 liða riðil vegna ófærðar eða annarra ástæðna. Þar skal líta á að lið hafi ekki mætt til leiks og leikir því skrást 5-0.

Félög sem taka að sér þessi mótt þurfa að hafa 3 leikvelli til umráða ef mótt skal vera frá föstudagi til sunnudags. Í neyð má tímasetja leiki á fimmtudagi, jafnvel miðvikudegi, ef viðkomandi leikir eru milli liða, sem staðsett eru innan sama landfræðilega svæðis.

Félög eru skyldug til að útvega aðkomuliðum gistingu og morgunmat sé þess óskað.

Stigagjöf

Stig til Íslandsmeistaratitils fást á eftirfarandi hátt í mótum 1-5:

1. sæti. fær 5 stig
2. sæti. fær 4 stig
3. sæti. fær 3 stig
4. sæti. fær 2 stig
5. sæti. fær 1 stig

Eingöngu er veitt stig fyrir lið í 1.deild.

Lið á yngra ári, sem nýtir sér heimild 6. gr. og er með allt að 3 leikmenn á eldra ári, vinnur sér þó ekki inn stig til Íslandsmeistaratitils.

Stigafjöldi til Íslandsmeistaratitils er samtals stigafjöldi úr 3 stigahæstu mótum hvers félags.

Þegar lið hættir keppni á miðju keppnistímabili missir það öll áunnin stig. Sameinist tvö eða fleiri lið frá sama félagi skal líta svo á að um nýtt lið komi til keppni sbr. að ofan.

Lið sem flest stig hlýtur telst meistari það árið. Ef 2 lið eða fleiri eru jöfn að stigum þá er það lið meistari:

- a. sem fékk fleiri/flest stig úr 4 stigahæstu mótunum. Sé enn jafnt þá það lið,
- b. sem oftar/ast hefur unnið mótt. Ef enn eru lið jöfn þá það lið,
- c. sem oftar/ast er í efra sæti. Sé enn jafnt þá það lið,
- d. sem fékk fleiri/flest stig úr mótmum 1-5. Sé enn jafn þá það lið,
- e. sem er með fleiri stig úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu lið fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafnmarga leiki innbyrðis,
- f. sem hefur hagstæðari markatölu úr innbyrðisleikjum þessara liða yfir veturinn. Séu liðin fleiri en tvö, er þessi regla notuð séu liðin búin að spila jafn marga leiki innbyrðis.
- g. Sé enn jafnt hljóta bæði liðin Íslandsmeistaratitil.

Leikreglur



Eftirfarandi undantekningar eru á leikreglum sem ber að fara eftir í mótum.

- 6 leikmenn skulu vera inná vellinum í einu frá hvoru liði
- Óheimilt er að taka úr umferð
- Notkun klísturs er óheimil
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínú
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð
- Þegar notast er við mörk með aukaslá skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána og beint í mark „sláin inn“ skal dæma mark. Annars skal dæma útkast.
- Heimilt er að notast við einn dómara á leik
- Ef lið sigrar leik með meiri markamun heldur en 7 mörkum skulu úrslit skráð þannig að sigurlið telst hafa unnið leik með 7 mörkum og miðast skoruð mörk við mörk fengin á sig + 7.

Leikheimildir

Félögum er heimilt að senda fleiri en eitt lið til keppni, en þá þarf að merkja hvert lið með tölustöfunum 1, 2 o.s.frv.

Óheimilt er að leika með nema einu liði á hverju móti. Leikmaður telst löggelur með því liði sem fyrst er leikið með. Dæma skal þá leiki tapaða 5-0 hjá því liði sem seinna var leikið með.

Þegar nýtt lið kemur inn í deildarkeppni á miðju keppnistímabili hefur það leik í neðstu deild.

Leikbönn

Ef leikmenn eða starfsmenn liða fá útilokun eða brottvikningu skulu þeir sjálfkrafa fara í leikbann í næsta leik. Skal umsjónaraðili móts skrá leikbönn og senda mótanefnd og aganefnd með öðrum gögnum um mótið. Þ.e. nafn leikmanns, flokk, félag, refsingu og hvenær leikbann var tekið út. Ef útilokun var veitt í síðasta leik móts skal mótanefnd tilkynna næsta mótshaldara það og viðkomandi félagi. Skal viðkomandi leikmaður þá vera í leikbanni í fyrsta leik í því móti. Aganefnd getur tekið upp ítrekuð eða gróf brot og dæmt í þeim sérstaklega.

Verðlaun

Í deildarmótum skal veita verðlaun fyrir 1. sætið (gull) í hverri deild sem keppt er í. Reikna skal með 13 peningum á hvert lið.

28. gr. Keppni 7. flokks

Aldur: 9 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 9 mín. (1 x 9 mín.)

Stærð knattar: 0 (Mjúkbolti)



Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 5 sjálfstæð mótt í 7. flokki.

Skulu þessi mótt hvorki vera Íslandsmótt né stigamót sem veita meistararatitla af einhverju tagi.

Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mótt, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slíkt mótt, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnaðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 9. maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan móttum samkvæmt vinnureglum sínum. Úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða sem félög senda til keppni, reynslu af mótahaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir mótt. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun júní ár hvert.

Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun ágúst ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða móttum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótsdagsetningar innan 15 daga frá tilkynningu um úthlutun að öðrum kosti verða viðkomandi mótt sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem mótt eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

Mótahald

Tilkynningu um mótt, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mótt.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á föstudagi viku fyrir mótt (m.v. að mótt hefjist á föstudagi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplaní nema mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjalda. Mótagjöld skulu greidd fyrir öll tilkynnt lið inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi fyrir fyrsta leik.



Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan móttímann.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að veitingarsala og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir verðmæti keppenda.

Niðurröðun móta

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir taki 12 mínútur.

Leika skal mótin í þremur styrkleikum á hvoru aldursári og skal miða við neðangreinda röðun

- | | | |
|-------------------|-----------------------|------------|
| • “Bláa deildin” | 1.styrkleiki eldra ár | 5 leikir |
| • “Græna deildin” | 2.styrkleiki eldra ár | 4-5 leiki |
| • “Brúna deildin” | 3.styrkleiki eldra ár | 4-5 leikir |
| • “Gula deildin” | 1.styrkleiki yngra ár | 4-5 leikir |
| • “Rauða deildin” | 2.styrkleiki yngra ár | 3-4 leikir |
| • “Bleika deidin” | 3.styrkeliki yngra ár | 3-4 leikir |

Leikreglur

Eftirfarandi undantekningar eru á leikreglum sem ber að fara eftir í mótmum.

- Óheimilt er að taka úr umferð
- Heimilt er að spila vörn um allan völl en þegar liðið hefur misst boltann verða leikmennirnir að hlaupa til baka og snerta teiglinu sína með fæti áður en þeir reyna að vinna boltann af andstæðingnum
- Byrja skal leik frá markmanni þegar mark hefur verið skorað
- Alltaf þegar bolti fer aftur fyrir endalínu er útkast frá markmanni
- Markmanni er heimilt að fara yfir miðlinu
- 4 leikmenn eru inná í einu í hvoru liði
- Notkun klísturs er óheimil.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð
- Þegar notast er við mörk með aukaslá skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána og beint í mark „sláin inn“ skal dæma mark. Annars skal dæma útkast.

Leikheimildir

Hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni, ekki skal auðkenna liðin með bókstöfum, heldur raðar þjálfari liðunum sínum niður eftir styrkleika. Þátttakendur í hverju liði skulu ekki vera fleiri en 7.

Dómgæsla



- Þjálfarar liðanna skulu dæma leikinn og dæmir þjálfari varnarliðsins á sínum vallarhelming.
- Dómarinn skal vera leiðbeinandi og ekki dæma leikbrot nema leikmaðurinn hagnist á því.
- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má.
- Dómarinn getur við ítrekuð brot einstakra leikmanna látið þjálfara skipta viðkomandi leikmanni útaf.
- Spjöldum og brottvísunum skal ekki beitt í móturnum þessa flokks.

Verðlaun

- Veita skal keppendum verðlaun í lok móts og skulu allir keppendur hljóta sömu verðlaun. Miða skal við að lágmarki einn verðlaunapening á keppenda.

29. gr. Keppni 8. flokks

Aldur: 7 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 9 mín. (1 x 9 mín.)

Stærð knattar: 0 (Mjúkbolti)

Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 4 sjálfstæð móti 8. flokki.

Skulu þessi móti hvorki vera Íslandsmót né stigamót sem veita meistaratitla af einhverju tagi

Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert móti, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slíkt móti, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnaðis, starfsmanna og annars þess er slíkt móthald hefur í för með sér.

Umsóknum um móthald skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 9. maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan móturnum samkvæmt vinnureglum sínum. Úthlutun byggist m.a. á fjölda þátttökuliða sem félög senda til keppni, reynslu af móthaldi og umsögnum, sem félög eiga að senda inn eftir móti. Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun júní ár hvert.

Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun ágúst ár hvert.

Félög sem fá úthlutað móti eða móturnum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótsdagsetningar innan 15 daga frá tilkynningu um úthlutun að öðrum kosti verða viðkomandi móti sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.



Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem mótt eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

Mótahald

Tilkynningu um mótt, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mótt.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á föstudagi viku fyrir mótt (m.v. að mótt hefjist á föstudagi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplaní nema mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótanefnd ákveður upphæð mótagjálfa. Mótagjöld skulu greidd fyrir öll tilkynnt lið inn á reikning, sem mótshaldari gefur upp á þátttökutilkynningu í síðasta lagi fyrir fyrsta leik.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan móttstímann.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að veitingasala og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir verðmæti keppenda.

Niðurröðun móta

Við niðurröðun móta skal miða við að leikir taki 12 mínútur.

Leika skal mótin í þremur styrkleikum á hvoru aldursári og skal miða við neðangreinda röðun

- “*Bláa deildin*” 1.styrkleiki eldra ár 5 leikir
- “*Græna deildin*” 2.styrkleiki eldra ár 4-5 leiki
- “*Brúna deildin*” 3.styrkleiki eldra ár 4-5 leikir
- “*Gula deildin*” 1.styrkleiki yngra ár 4-5 leikir
- “*Rauða deildin*” 2.styrkleiki yngra ár 3-4 leikir
- “*Bleika deidin*” 3.styrkeliki yngra ár 3-4 leikir

Leikreglur

Eftirfarandi undantekningar eru á leikreglum sem ber að fara eftir í móttum.

- Óheimilt er að taka úr umferð.



- Heimilt er að spila vörn um allan völl en þegar liðið hefur misst boltann verða leikmennirnir að hlaupa til baka og snerta teiglínu sína með fæti áður en þeir reyna að vinna boltann af andstæðingnum.
- Byrja skal leik frá markmanni þegar mark hefur verið skorað.
- Alltaf þegar bolti fer aftur fyrir endalínu er útkast frá markmanni.
- Markmanni er heimilt að fara yfir miðlinu.
- 4 leikmenn eru inná í einu í hvoru liði.
- Notkun klísturs er óheimil.
- Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð.
- Þegar notast er við mörk með aukaslá skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána og beint í mark „sláin inn“ skal dæma mark. Annars skal dæma útkast.

Leikheimildir

Hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni, ekki skal auðkenna liðin með bókstöfum, heldur raðar þjálfari liðunum sínum niður eftir styrkleika. Þátttakendur í hverju liði skulu ekki vera fleiri en 7.

Dómgaæsla

- Þjálfarar liðanna skulu dæma leikinn og dæmir þjálfari varnarliðsins á sínum vallarhelming.
- Dómarinn skal vera leiðbeinandi og ekki dæma leikbrot nema leikmaðurinn hagnist á því.
- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má.
- Dómarinn getur við ítrekuð brot einstakra leikmanna látið þjálfara skipta viðkomandi leikmann útaf.
- Spjöldum og brottvísunum skal ekki beitt í móturnum þessa flokks.

Verðlaun

- Veita skal keppendum verðlaun í lok móts og skulu allir keppendur hljóta sömu verðlaun. Miða skal við að lágmarki einn verðlaunapening á keppenda.

V. kafli. MÓTMÆLI, KÆRUR, VIÐURLÖG OG SEKTIR

30. gr. Mótmaðli, kærur o.fl.

Mótanefnd HSÍ tekur ákvörðun um sektir og viðurlög samkvæmt kafla þessum.

Félag, sem beitt er sektum eða viðurlögum skv. ákvörðun mótanefndar HSÍ, getur skotið þeirri ákvörðun til Dómstóls HSÍ innan sólarhrings frá því að félaginu var tilkynnt um ákvörðunina með sannarlegum hætti. Málsmeðferð fyrir Dómstóls HSÍ fer samkvæmt lögum HSÍ.



Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, eftirlitsmann, stærð knattar eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara og/eða eftirlitsmann HSÍ fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.

Félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti á ákvæðum reglugerðar þessarar, hefur rétt til að leggja fram kæru til Dómstóls HSÍ. Kæra skal lögð fram á skrifstofu HSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í lögum HSÍ. Um málatilbúning fer samkvæmt lögum HSÍ.

Pótt félag sé uppvist að brotum á reglugerðum HSÍ eða leikbroti losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu.

Mótanefnd sker úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts eða einstakra leikja og hún hefur rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund.

Dómstóll HSÍ skal beita viðurlögum skv. þessum kafla komist hann að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum reglugerðarinnar. Jafnframt getur Dómstóll HSÍ beitt viðurlögum skv. viðurlagakafla laga HSÍ.

31. gr. Ekki mætt til leiks

Ef lið mætir ekki til leiks skal dómari ekki undirrita leikskýrslu fyrr en komið er fram yfir boðað upphaf leiks.

Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-10 þar sem leiktími er 2*30 min. Þar sem leiktími er styttri telst leikur hafa tapast 0-5. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum.

Mótanefnd getur vísað liði úr móti sem ekki mætir til keppni two leikdaga í móti.

Ef lið hættir þátttöku í móti eftir upphaf þess eða er vikið úr því skal það tapa áunnum stigum, og skulu þannig leikir sem það hefur leikið fram að þeim tíma ekki teljast með í mótinu.

32. gr. Ólöglega skipað lið

Félag sem notar leikmann/starfsmann í leikbanni eða leikmann/starfsmann sem er að örðru leyti ólöglegur og viðkomandi er á leikskýrslu eftir upphafsmerki dómara í viðkomandi leik, eða er ekki á leikskýrslu og kemur inná leikvöllinn eftir upphafsmerki dómara í viðkomandi leik, og slíkt er tilkynnt inn til mótanefndar með formlegum hætti innan 48 tíma frá lokum leiks, telst hafa



tapað leiknum með markatölunni 0-10 þar sem leiktími er 2 * 30 min. nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Þar sem leiktími er styttri skal notast við 0-5.

Leikmaður, sem hefur vísvitandi sagt rangt til um aldur sinn til að leika með öðrum aldursflokki en honum ber, skal sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins.

Ef leikskýrsla er vísvitandi ranglega fyllt út, t.d. með því að falsa nafn, skal liðið sem í hlut á tapa leiknum með markatölunni 0-10 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Þar sem leiktími er styttri skal notast við 0-5.

Þjálfari eða forystumaður sem stuðlar að því að nafn sé falsað á leikskýrslu skal sæta leikbanni eða banni frá stjórnunarstörfum í handknattleik í allt að eitt ár.

33. gr. Sektir og viðurlög

Lið sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga auk sektar til HSÍ allt að upphæð kr. 250.000,- í meistaraflokk en allt að kr. 100.000,- í yngri flokkum. Að auki skal viðkomandi lið greiða mótaðila bætur sem er jafn háar ferðakostnaði mótaðila vegna leikja á heimavelli viðkomandi liðs. Gjaldskrá mótanefndar vegna ferðakostnaðar yngri flokka skal notuð til að reikna ferðakostnað mótaðila, skv. fjölda á leikskýrslu.

Félag sem notar leikmann/þjálfara í leikbanni eða leikmann/þjálfara sem er að öðru leyti ólöglegur, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 250.000,-. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 250.000,- sé brotið framið í meistaraflokk. Sé brotið framið í yngri flokkum skal sektin vera allt að kr. 100.000,-.

Félag sem fyllir ranglega út leikskýrslu getur sætt sekt að upphæð allt að kr. 250.000 í meistaraflokk en kr. 100.000 í yngri flokkum.

Dragi félag lið úr keppni í deildarmóti meistaraflokk skal félagið sæta sekt að upphæð kr. 250.000.

Dragi félag lið úr keppni í deildarmóti yngri flokka fyrir 1. september skal félagið sæta sekt kr. 25.000. Frá og með 1. september og þar til keppni hefst er sekt kr. 50.000.

Ef lið hættir þáttöku í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í two leiki skal það tapa áunnum stigum, sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins og sæta sektum .. Sektir skulu vera kr. 250.000,- í meistaraflokk og kr. 50.000,- í yngri flokkum.

Mótanefnd er heimilt að sekta félög um allt að kr. 250.000,- vegna framkvæmdar leiks ef sýnt þykir að framkvæmd leiksins hafi ekki verið í samræmu við lög og reglugerðir HSÍ eða þær handbækur sem mótanefnd/HSÍ setur félögunum. Lið, sem breyta leiktíma og leikstað án samþykkis mótanefndar, skulu sæta sekt að upphæð allt að kr. 50.000 hvort lið.



Allar sektir skulu renna til HSÍ nema annars sé getið í reglugerð þessari. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku í keppnum á næsta keppnistímabili.

Mótanefnd er heimilt að sekta félög um allt að kr. 250.000,- brjóti þau gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

34. Fgr. Uppgjör gjalda

Aðildarfélög HSÍ skulu ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ. Gjalddagi er 5. september ár hvert.

VI. Kafli. GILDISTAKA

35.gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Samþykkt af stjórn HSÍ 2. nóvember 2022